

Hálendis Zero

F 4x4



Óháða fréttaritið

Janúar 2008 1.tbl.

Hálendis Zero

Hér er um framtak grasrótarinnar að ræða og er ekki á nokkurn hátt undir áhrifum frá eða með samþykki stjórnar klúbbsins, ritnefndar eða annarra (meintrá) hagsmuna(árekstrar)aðila. Markmiðið er að flytja grafalvarlegar fréttir af starfi klúbbsins á málefnalegan og uppbyggilegan hátt með nettum húmor. Þar sem að ímynd klúbbsins er “Sub Zero” (neðan frostmarks) þá þótti viðeigandi að ritið hlyti nafnið Setrið Zero. Til þess að þetta gangi þá þurfa fréttirnar, sögurnar og upplýsingar um tækni og viðundur að koma frá ykkur. Óháða fréttaritið hikar ekki við að sækja fróðleik og gott efni á vefsíðu klúbbsins. Það gæti komið upp sú staða að óháða fréttaritið þyrfti að breyta nafni ritsins nokkrum sinnum vegna ofsókna klúbbsins þannig að tillögur að nafnabreytingum eru vel þegar á ohadafrettarid@gmail.com

Ímynd klúbbsins

Það verður ekki hjá því komist að fjalla um ímynd klúbbsins og framkomu netverja á heimasíðu klúbbsins www.f4x4.is. Andlit klúbbsins er heimasíðan. Ef að þið skoðið þræðina á vefnum s.l. mánuði þá hafa þeir undantekningarlaust þróast út í eitthvað skítkast og leiðindi og oft um ákaflega ómerkilega hluti sem að skipta í flestum tilfellum engu máli þegar upp er staðið. Mönnum finnst orðin ástæða til að hæla þráðum fyrir að vera málefnalegir ef að

5 eða 6 pósturinn kemst inn án þess að þráðurinn hafi þróast út í leiðindi. Jafnvel þræðir þar sem fólk er að þakka fyrir veitta aðstoð fá ekki að vera í friði.

Þetta er að rústa ímynd klúbbsins út á við. Það er fjöldinn allur af fólki sem að ekki eru félagar sem að skoðar vefsíðuna daglega. Hann er aðgengilegur fyrir stjórn mála- og ráðamenn þjóðarinnar. Og er það vitað mál að einhverjir þeirra fylgjast með vefsíðunni. Sér í lagi þegar stór mál eru í gangi. Líklegast er að flestir sem að eru annað hvort að byrja í jeppamennsku eða eru að spá í að ganga í klúbbinn fari á vefsíðuna og skoði hana. Ég get ekki sagt að þessi vefsíða mæli beint með því að fólk gangi í klúbbinn. Því að um leið og það gerir það er það stimplað, stimplað sem enn einn vitleysingurinn sem að er í f4x4.

Ef að við viljum láta taka mark á klúbbnum sem virt og alvarlegt hagsmunafélag jeppamanna þá **verður** þetta að breytast. Sameinumst nú í því að snúa þessari þróun við. Gerum síðuna eftirsóknaverða, fulla af fróðleik og skemmtilegra aflestrar. Góð ímynd er lykill að velgengi.

Björkvöld

30. nóvember 2007 var haldið björkvöld í Réttarsalnum sem að mun vera félagsaðstaða móðurfélagsins. Mönnum þótti helst til hafa verið okrað of mikið á sér en aðgangseyrir var heilar 500 kr. Þegar inn var komið fékkst afhentur baukur fríkeypis og varð að skila honum

til að fá annan. Alheims frumsýning á Íslandi var á videoinu “þegar Tryggvi (RM) fór á fjöll”. Síðan var árshátíðarmyndefni móðurdeildar endursýnt ásamt fleiru myndefni. Í lokin voru veittar viðurkenningar fyrir glæsta frammistöðu á leiksviðinu. Fékk Agnes tuskudýr sem að skríkti eins og formaður þegar potað var í bumbuna á honum. Jón Snæland fékk afhentan kött annað hvort fyrir leikaraskap og/eða leikstjórn. En hann var alltaf að kalla “cut” (borið fram kött) í tíma og ótíma við upptökur á atriðum. Þannig að hann fór fljótlega að fá viðurnefnið Jón “köttur”. Einn mesti leikari austan Klambratúns lét þó ekki sjá sig en það er Skúli “Yaris”. Þannig að hann missti af þessari einstöku viðurkenningarathöfn. Kvöldið fór allt fram í mesta bróðerni og endaði á því að eftirlegu kindum var hent út og húsinu skellt í lás eftir bara ágætis kvöldstund.

Tilkynningar á forsíðu

Stjórn klúbbsins barst erindi um að fá styrk/hluta af ágóða flugeldasölu Gæðaflugelda sem að einn félagsmaður í einkasölu ætlaði að standa fyrir. En þar sem að stjórnin var ekki tilbúin til að fara á móti björgunarsveitunum þá hafnaði stjórnin þessari þátttöku alfarið. Var félagsmönnum í staðin boðinn 30% afsláttur af keyptum vörum á þessari sölu. Kom í framhaldi tilkynning í nafni stjórnar um afsláttinn á forsíðu vefsins á þeim forsendum að henni væri ekki stætt á því að ákveða fyrir félagsmenn hvaða afslætti þeim ætti að standa til boða og hverjir ekki. Viðbrögðin hjá félagsmönnum létu ekki á sér standa. Meiri hlutinn sem að tjáði sig á vefnum stóð saman um að vera alfarið á móti því að auglýsa flugeldasölu einkaaðila á vef f4x4.is. Vildu þeir standa við bakið á björgunarsveitunum og var niðurstaðan sú að auglýsingin var látin hverfa... hægt en þó ekki hljótt. Þetta sýnir máttinn í

samstöðunni og hvernig hægt er að nýta hana til góðs.

Setursbókin góða

Klúbburinn og ritnefndin voru full fyrirheita í upphafi starfsársins og ákváðu að gefa Setrið út í veglegri útgáfu en áður þekktist. Það skildi innihalda ýmsan fróðleik sem að gott væri að hafa í bálnum og svo félagatal með nafni, félagsnúmeri, gsm og nmt símanúmeri. Tilefnið jó klúbburinn á stórafmæli á þessu starfsári verður 25 ára. Eitthvað urðu menn móðir við vinnsluna og varð það ljóst að þeir voru að brenna inni á tíma. Það var búið að selja auglýsingar og bar klúbburinn ábyrgð á að standa við þær skuldbindingar. Varð það úr að stjórnin tók verkefnið til sín, ýtti öðrum verkefnum til hliðar á meðan, og kom þessu að lokum í prentun rétt fyrir jól. Síðan var það að detta inn um póstlúgunu hjá spenntum félagsmönnum báðu megin við jólin, þó segjast sumir bíða enn þá. Maður getur kannski sagt “heppinn” við þá því að í staðin fyrir að menn gætu glaðst yfir þessu framtaki þá fundu þeir sig gjörsamlega knúna til að fara á spjallið og rakka þetta rit niður í svaðið. Það var allt týnt til og var gangrýnin mjög óvægin og ómálefnaleg. Það var fljótlega viðurkennt af stjórn að þetta væri nú ekki þeirra besta verk en miðað við stöðuna sem að var komin upp þá var þetta skásti kosturinn, því að ritið varð að koma út. Það sem vekur sérstaka athygli eru viðbrögð félagsmanna á netinu við útgáfunni. Í staðin fyrir að spyrja hvað kom fyrir eða af hverju er blaðið svona “ekki fullkomið” að þá er rokið til og vinnan sem að ritnefnd og stjórn lagði í ritið, rökkuð norður og niður. Að sjálfsögðu er í lagi að koma með gagnrýni en hún þarf fyrir það fyrsta að vera málefnaleg og ekki síður uppbyggileg. En maður veltir

þó líka fyrir sér er nauðsynlegt að halda áfram með niðurriffsstarfsemi löngu eftir að það er búið að útskýra stöðu mála?

Framtíð Seturs blaðsins

Á að halda áfram útgáfu Setursins eða á að leggja það niður? Óháða fréttaritið er þeirra skoðunar að það eigi að halda áfram útgáfu setursins sem að maður geti fengið inn um lúguna. Hversu oft er kannski spurning. Útgáfan á að vera í höndum félagsmanna. En útgáfan þarf að standa undir sjálfri sér.

Opin (lokuð) hús

Nokkrum sinnum hefur það brunnið við að félagsmenn hafa komið að opnu húsi lokuðu. Hefur þá stundum verið gripið til þess ráðs að bregða sér á café milano í skeifunni, þannig að ef að þið komið að lokuðu opnu húsi einhvern tíman, skröltið þá yfir götuna og kíkjið í kakó.

En fyrsta opna húsið á nýju ári fór vel af stað. Var opnunin auglýst með myndarbrag og tók Valur fyrir hönd vefnefndar á móti gestum með opnum örmum. Stóð til að vera með myndasýningu en þar sem að tæknin var eitthvað að stríða þá var aðeins stillimyndin í boði. Það mætti alveg smá slatti þarna og var í staðinn heilmikið rætt um teygjuspotta og kaðal og tóg og band þangað til að allt var komið í hnút. Voru menn nokkuð sammála um að www.isfell.is í hafnarfirði væri með ágætis teygjuspotta á verði fyrir meðal verkamann þó að það væri búið að splæsa hann í báða enda.

Fyrsti félagsfundur móðurdeildar

Fundargerð frá Tryggva (RM) tekin af netinu.

Félagsfundur var haldin í Mörkinni 7. janúar 2008 og hófst rúmlega 20:00. Á fundinn voru mættir um það bil 60-65.

Innanfélagsmál

Námskeiðahald Hjálparsveitar 4x4:

Lella kynnti dagskrá námskeiða. Sjá nánar í kynningu á hjálparsveitinni.

Kastaragrindur: Maggi í tækninefnd fór yfir kastaragrindarmálið. Er það orðið ljóst að þessi regla er **frá** og mun ekki taka gildi hér. Áttu tækninefndarmenn góðan fund með aðstoðarmanni samgönguráðherra (Patrol eiganda...) Róbert Marshall um þetta mál. Er Róbert tilbúinn til að mæta á félagsfund til að svara fyrirspurnum félagsmanna sé þess óskað.

Önnur tæknimál: Einar, formaður tækninefndar fór yfir tilgang tækninefndar og hlutverk hennar í markmiðum klúbbsins. Staldráð var í þyngdarmálið og rakin ýmis dæmi þar sem leyfð heildarþyngd er aukin, ýmist með bréfi frá verksmiðju eða eftir öðrum leiðum, t.d. þegar bílar eru brynvarðir eða lengdir (limmar). Einnig kom hann inn á önnur mál s.s. tengsl félagsins við hagsmunaaðila á ýmsum sviðum, sjálfstæði hans, ákvarðanatöku og fleira. Einnig var talað um þær reglur sem gilda um breytingar sem eru frá árdögum klúbbsins og sannast hefur að þær standast tímans tönn.

Stjórn óskaði eftir sjálfboðaliðum til að sjá um flutning Þorramatar vegna Þorablóts! Er þetta **einstakt tækifæri** til að lenda í ævintýrum ársins, enda hefð fyrir því. Áhugsamir hafi samband við stjorn@f4x4.is.

Önnur mál, eldsneytisverð: Helena Sigurbergsdóttir R-2703 bar fram svohljóðandi ályktun: **Félagsmenn á félagsfundi skora á stjórn klúbbsins að beyta sér fyrir því að hagsmunaaðilar svo sem atvinnubílstjórar, vöruflutningafyrirtæki, ferðaþjónusta og aðrir taki sig saman og skori á yfirvöld að lækka álögur á eldsneyti til að draga úr kostnaði við flutninga á okkar viðfema landi ásamt því að hafa**

slakandi áhrif á verðbólgu í landinu. **Samþykktu** fundarmenn þetta nánast samhljóða (1 á móti).

Stilling: Viðar Sveinbjörnsson kynnti [Stillingu](#) sem rekur verslanir í Reykjavík, Akureyri og á Selfossi (6 talsins). Í tengslum við samning Skeljungs og F4x4 mun Stilling, sem m.a. sér Skeljungi fyrir öllum bílavörum, bjóða regluleg tilboð til félagsmanna á vörum sínum. Núverandi tilboð: 30% af öllum aukaljósnum fram til Páska og 20% af "flötum" rúðuþurrkum. Ýmsar vörur eru í boði hjá Stillingu, varahlutir, verkfæri, aukahlutir og verða sérstök tilboð til félagsmanna kynnt reglulega (1-2 mánað frest) á heimasíðu Stillingar og F4x4. Einnig eru á tilboði Xenon kastarar á 39.900kr stykkið. Félagsmenn fá auk þess 15% fastan afslátt af öðrum vörum.

Kaffihlé og myndasýning: Kaffiveitingar voru í boði Stillingar og myndasýning (án hljóðs) að þeim loknum.

Þolmarkið sprungið

LÆKKUM ELDSNEYTISVERÐIÐ

4. janúar hækkuðu OLÍS og Skeljungur verð á eldsneyti til samræmis við hækkun N1 deginum á undan. Algengt verð á bensínlítra í sjálfsafgreiðslu á stöðvum félaganna er nú 134,40 krónur og algengt verð á dísilolíu er 136,90 krónur. Er þetta ásættanlegt. Eigum við að taka þessu bara þegjandi og hljóðalaust. Nei nú er nóg komið, hingað og ekki lengra. F4x4 er hagsmunafélag jeppamanna og þetta er stórt hagsmunamál þeirra EN ekki bara jeppamanna heldur alls almennings í landinu. Því almenningur er líka að versla eldsneyti. Baráttumálið er að **LÆKKA ELDSNEYTISVERÐIÐ** og þurfa öll félög sem að eiga hagsmuna að gæta ásamt öllum almenning í landinu að sameinast í aðgerðum. Það þarf að draga

fram öll þau áhrif sem hækkunir hafa. Ef það er hægt að halda því fram að lagning Norðurveggar komi til góða með því að stytta leið milli N-lands og S-lands sem á að spara eldsneyti fyrir flutningsfyrirtæki hlýtur að vera hægt að halda því fram að hækkun á eldsneyti sé kjaraskerðing að sama skapi.

“Tryggvi (RM) skrifaði hjá sér á félagsfundum í desember tölur frá Skeljungu og eins og staðan var þá 3. des var **Ríkið að taka til sín 52% af verði hvers bensínlítra og 51% af dísellítranum.** Í báðum tilfellum **helmingur!** Er það eðlilegt? Þessar álögur Ríkisins eru samsettar úr liðum sem eru ýmist fastar krónutölur eða prósentu af söluverði (t.d. VSK). Þannig að með aukinni neyslu Indverja og Kínverja á eldsneyti sem er að auka þrýsting á heimsmarkaðsverði á eldsneyti er íslenski ríkiskassinn að græða. Er þetta í lagi?

Innkaupsverð var fyrir bensín 28% af söluverði og fyrir dísel 32% af söluverði til samanburðar”.

Eins og fram kemur í fundargerðinni þá samþykkti félagsfundur að fela stjórn f4x4 að hafa frumkvæði í aðgerðum til að knýja fram lækkun á álögum Ríkisins á eldsneytisverði. Menn hafa verið að rugla saman háu eldsneytisverði saman við í hvaða tilgangi eldsneytið er notað. Óháða fréttaritið getur ekki séð að Ríkinu komi nokkuð hlut við hvernig einstaklingur eða fyrirtæki kys að nota sitt eldsneyti. Hvort að það sé verið að nota það til að keyra og sækja börnin í íþróttir 8 sinnum í viku eða fara í góða fjölskylduferð á fjöll. Það sem málið snýst alfarið um er sú krónutala sem að hver og einn þarf að borga fyrir hvern líter.

Þingmannaferðin

18.-20. janúar 2008 fer stjórnin í sína árlegu þingmannaferð. Eru þessar ferðir hugsaðar sem kynning fyrir þingmenn ofl. á starfsemi klúbbsins og út á hvað ferðamennska á jepum á fjöllum gengur út á. Það hafa afar fáir þingmenn þorað að þiggja þetta boð hingað til. Og reynslan hefur sýnt að það bara borgar sig alls ekki fyrir þá. Þessar ferðir hafa verið ágætis stökkpallur fyrir t.d. ráðherra... úr ráðherraembættum og jafnvel beint út af þingi. Jónína gangi þér vel í útlöndunum.

Þorablót f4x4 2008 8.-10. febrúar

Verður haldið 8.-10. febrúar í Setrinu. Þema ferðarinnar er að koma saman í skálanum og éta skemmdan mat. En nú dugar ekki lengur bara sérfaði og sérborð... heldur þarf að aðskilja þá sem vilja alvöru mat og þá sem vilja úldinn mat. Hefur óháða fréttaritíð haft óstaðfestar spurnir af því að til standi föstudagskvöldið 8. febrúar að vera með "FERÐAVÖKU" í Mörkinni. Taka þetta bara eftir vinnu, kveðja liðið þegar það leggur af stað. Fara svo í Mörkina, panta pizzu, drekka bjór og fá "updates" í gegnum NMT, TeTra, cDmA og allt það crap fram eftir kvöldi. Þeir sem að hafa áhuga á að fara á þorablótið verða að leita sér upplýsingar annars staðar. Óháða fréttaritíð getur með engu móti hvatt fólk til að leggja sér þetta skemmda faði til munns af heilbrigðisástæðum. En miðað við reynslu fyrri ferða þá eru litlar líkur á að fólk þurfi þess því að í fæstum tilfellum hafa ferðalangar náð í skála um helgina... til að geta borðað matinn.

Hjálparsveit 4x4

Úr 9. grein laga F4x4.

"Hjálparsveit, hlutverk hennar er að vera félagsmönnum innan handar, lendi þeir í

vandræðum með farartæki sín og þurfi aðstoðar við." Sveitin er ekki björgunarsveit og **í tilfellum þar sem vafi leikur á um hvort að hætta steðji að fólki eða ekki þá skal skilyrðislaust kalla til hjálparsveit eftir formlegum leiðum í síma 1-1-2.**

Hluti af starfi hjálparsveitar skal vera fræðsla til félagsmanna, bæði með fyrirlestrum á félagsfundum og einnig með sérstökum námskeiðum sem haldin verði í tengslum við ferðir á vegum klúbbsins. Nánari útfærsla á fræðslumálum skal vera í samráði við stjórn klúbbsins og aðrar nefndir.

Hlutverk og störf hjálparsveitar 4x4

Hlutverk hjálparsveitar 4x4 hefur verið að breytast með árunum. Áður fyrr var megin hlutverk hennar að aðstoða menn við að koma biluðum jepum félagsmanna niður af hálendinu og er það enn ásamt því að sjá um fræðslu til félagsmanna í samráði við stjórn.

Hjálparnet hjálparsveitar 4x4

Hjálparsveit 4x4 hefur aðila sem félagsmenn geta leitað til um allt land lendi þeir í vandræðum með ökutæki sín. Svo kallað hjálparnet 4x4 sem er að virka mjög vel, við höfum ekki viljað gefa upp nöfn þessara aðila opinberlega en nóg er að hafa samband við okkur í sveitinni til að nálgast þá. Þetta net hefur töluvert mikið verið notað, því hver kannast ekki við það að vera staddur einhvers staðar og vanta eitt verkfæri eða smá aðstöðu nú eða mikla hjálp og hafa ekki hugmynd um hvert hægt er að snúa sér.

Hjálparsveit 4x4 er í samstarfi við Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík

Bæði í sambandi við ferðir sem þarf að fara til að hjálpa okkar félagsmönnum og eins komum við þeim til aðstoðar lendi þeir í vandræðum með ökutæki sín.

Flugbjörgunarsveitin er okkur einnig innar handar í sambandi við námskeið og fræðslumál til félagsmanna okkar. Enginn þarf að óttast að sögur eða myndir úr björgunartúrum verði aðhláturfefni, því það fer ekkert lengra.

Á döfnni í vetur hjá Hjálparsveitinni Miðvikudaginn **16. jan.** kl 20 í Mörkinni verður **Mapsource** og **nRoute** kynning, hámark 15 þátttakendur.

Farið verður í helstu stillingar í báðum forritum, hvaða stillingar skipta máli í vetrarakstri á snjó og jöklum og hvernig hægt er að vinna með ferla, safna þeim á skynsamlegan hátt, klippa þá til og merkja. Unnið verður með nýjasta Íslandskortið frá Hnit/R.Sigmundsson (Íslandskort útgáfa 3.5)

Febrúar

Verkstaðisfundur, nánar auglýst síðar.

Mars

GPS og rötun Verður sennilega 2 kvöld bóklegt, á laugardegi verður svo farið og keyrt og gengið með áttavita og kort og eitthvað skemmtilegt. Í framhaldinu verður svo 1 kvöld þar sem farið verður í hvernig unnið er með ferlanna sem búnir voru til.

Apríl

Signámskeið, eitt bóklegt kvöld og svo farið og keyrt og fundin sprunga og sigið með þeim búnaði sem flestir eru með í bílnum sínum.

Þetta verður allt kynnt nánar mjög fljótlega á félagsfundum og á netinu. Ef félagsmenn hafa einhverjar hugmyndir eða óskir að námskeiðum eða kynningar efni endilega koma því til okkar, hringja í eitthvert okkar eða senda netpóst á www.hjalparsveit@f4x4.is

Hjálparsveitin hvetur félagsmenn til að hafa númerin sín tiltæk og ekki hika við að hafa samband við sig

Helena Sigurbergsdóttir sími 892-4283
Bjarki Clausen sími 820-4133

Lárus Rafn Halldórsson sími 699-4858
Georg Þór Steindórsson sími 699-5550
Ármann Þ. Guðmundsson sími 690-0062

Sjúkrakassi í breytta jeppann

Upplýsingar um innihald sjúkrakassa í hóp bifreiðar, **breyttar bifreiðar** og skólabifreiðar. Samkvæmt frumherja skal innihald sjúkrakassa vera að fyrirmælum landlæknis. Samkvæmt þeim fyrirmælum skal innihald sjúkrakassa vera sem hér segir:

- Verkjatöflur
- Heftiplástur
- Grisjuplástur
- Sárabindi
- Sárabögull
- Silicongrisjur (fyrir skafsár) eða sambærilegar grisjur.
- Saltvatn til sárahreinsunar (einnota) eða sambærilegt
- Teygjubindi
- Skæri

Innihald sjúkrakassa skal vera í kassa eða púða sem hægt er að loka með traustum hætti. Sjúkrakassinn skal vera merktur skráninganúmeri bifreiðarinnar. Innihald sjúkrakassans og merking skráningarmerkis gildir fyrir allar hóp bifreiðar óháð skráningardegi þeirra. Fyrir breyttar bifreiðar gilda þessar kröfur frá og með 1. janúar 1993. Bifreiðir sem samþykktar voru fyrir þann tíma með sjúkrakassa sem ekki uppfylla þessar kröfur, þurfa ekki að endurnýja hann. (Sótt af www.frumherji.is janúar 2008). Ítarlegri listi sem að er meira fyrir jeppamenn á fjöllum er á www.f4x4.is > fróðleikur > bæklingar frá Hjálparsveit 4x4.

Tæknihornið

Eins og margir vita... eða ekki þá stóð til að setja reglugerð um búnað framan á bíla sem að fæddir eru eftir 2008. Þessi reglugerð fól meðal annars í sér að ólöglegt yrði að vera með hluti sem að

næðu lengra fram en sem næmi stuðara. Þar með mætti ekki setja kengúrugrind, ljósagrind, grillgrind eða hvað þetta nú heitir framan á nýja bíla. Ekki mætti keyra með spilið á bílnum og svo framvegis. En í staðin fyrir að halda áfram með þessa upptalningu þá mun vera búið að jarðsyngja þessa reglugerð og verður hún ekki endurvakin. Þannig að grindurnar eru komnar til að vera. Þeir sem að hafa átt langar andvökunætur af ótta við að plastruslið framan á lc 90 bílnum sínum myndi brotna, geta sofið rótt.

Samstarfssamningur Skeljungs og Ferðaklúbbsins 4x4

Núna 1. janúar 2008 tók gildi framlengdur samstarfssamningur Skeljungs og Ferðaklúbbsins 4x4. Þessi endurbætti samningur felur í sér meiri og viðtækari afslætti fyrir félagsmenn F4x4 en áður auk þess sem Skeljungur er nú aðalstyrktaraðili klúbbsins og styrkir félagsstarfið um 10.000.000kr á hverju ári næstu fimm árin. Félagsmenn fá 12kr afslátt frá þjónustuverði af eldsneytislítranum hjá Skeljungu og með því að nota viðskiptakort Skeljungs er hægt að nýta þann afslátt á sjálfsafgreiðslustöðvum og öllum stöðvum Orkunnar. Hægt er að láta viðskiptakortin tengjast við greiðslukort eða fá sendan reikning fyrir viðskiptum. Þjónustuverð er hægt að finna á heimasíðu Skeljungs en einnig er hægt að fylgjast með verði á eldnseyti á vefnum: www.gsmbensin.is. Þjónustuverð er oftast 5kr yfir sjálfsafgreiðsluverði. Samingurinn veitir einnig 15% afslátt hjá Pitstop og 15-40% afslátt Stillingu auk afsláttar hjá Nesdekk og Sólningu. Skeljungur veitir einnig 15% afslátt á smurþjónustu að Laugavegi 180 og Skógarhlíð 16. Önnur tilboð og afslættir auglýstir sérstaklega fyrir félagsmenn Ferðaklúbbsins 4x4.

Ferlamál

Það hafa nú flestir heyrt af því að f4x4 er í samstarfi við Landmælingar Íslands (LMÍ) um söfnun g.p.s. punkta eða ferla af vegum Íslands. Markmiðið er að safna ferlum af öllum þekktum og óþekktum vegum og slóðum á landinu og koma þessu inn í gagnabanka. LMÍ og f4x4 eru ekki að leggja mat á slóðirnar, heldur einungis að afla gagna. Síðar kemur í ljós hvernig gagnagrunnurinn verður nýttur en f4x4 nýtur góðs af þessu. Til að þetta gangi eftir þá þurfa allir að leggjast á eitt með að koma sínum ferlum (bæði sumar og vetrarferlum/trökkum) og slóðum í gagnasafnið. **Ef að þeir fara ekki þangað inn, þá eru sú hætta fyrir hendi að þeir fái ekki umfjöllun skipulagsyfirvalda og þar af leiðandi verður ekki leyfilegt að keyra þá þó að hefðin sé fyrir hendi.** Og sýsli mætir í þyrlu á staðinn og verður með vesen. Þessi gagnabanki er nú þegar farinn að nýtast félagsmönnum því þegar félagsmenn hafa óskað eftir ferlum á netinu þá hafa þeir m.a. fengið senda ferla úr gagnabankanum. Einn er sá maður sem að mest hefur mætt á í þessu fyrir hönd f4x4 og það er Jón Snæland. Hefur óháða fréttaritið grunsemdir um það að hann eigi þó fjandi erfitt með að hleypa öðrum með puttana í þetta hugarfóstur sitt. En hann kallar samt öðru hverju eftir aðstoð félagsmanna á netinu sem að eru svo ráðvilltir í hverju sú aðstoð ætti að vera fólgin. Þannig að málið var að fara bara beint í brunninn og spyrja karlinn hreint út: Hvað viltu og hvernig geta félagsmenn aðstoða við þetta verkefni?

Hvernig kom samstarf f4x4 og landmælingar Íslands til.

Ferðaklúbburinn hafði áður átt í samstarfi við LMÍ, vegna slóðanefndar ríkisins. Og var samstarfið endurvakið af

frumkvæði ferðaklúbbsins haustið 2006. Með samþykki Umhverfisráðneytisins. Var þá fljótlega skrifað undir samstarfssamnings milli okkar (f4x4) og LMÍ.

Hvernig fara þessar mælingar fram

Bíll er græjaður með g.p.s staðsetningarbúnaði og manni frá LMÍ. Bíllinn keyrir eftir miðjum slóðanum á hámark 40 km hraða á meðan að tækið mælir. Tækið punktar á 2 sekúndu fresti. Stundum þarf að bíða til að fá sem nákvæmstu staðsetninguna, vegna afstöðu gervitungla. Skekkjumörk eru alltaf innan við 1,5 metra og jafnvel minna. Sumstaðar eru slóðar óljósir og er þá best að vera með undanfarabíl sem að finnur réttu leiðina svo að mælingarbíllinn sé ekki að hringsóla og hlaða inn röngum punktum sem að er svo mikil vinna að fara yfir og lagfæra. Þannig að það er best að vera lámark 2 bílar í hóp.

Hver er staðan á ferlasöfnuninni í dag

Búið er að safna u.þ.b 25-26000 km af ferlum inn í gagnasafnið. Sennilega er miðhálandið hvað best dekkjað, þó svo að þar sé eitthvað eftir, ekkert eitt svæði er búið og er norðaustur land hvað styðst á veg komið. Stefnt er að því að sjálfri söfnuninni verði lokið haustið 2009 og að tölvuvinnslu við ferlana verði lokið, einhverjum mánuðum seinna.

Hvernig geta félagsmenn orðið að liði

Það er fyrir það fyrsta með því að vera duglegir að senda inn alla sína ferla (sumar sem vetur) sem að þeir eiga til í sínum fótum það er ákaflega mikilvægt. Með því að hjálpa til við sjálfa ferlunina þ.e.a.s. að gefa kost á sínum fjallajappa í þetta verkefni. Ökumaðurinn þarf m.a. að hafa góða reynslu í að vinna með gps tæki og bíllinn þarf að vera útbúin með straum fyrir auka gps tæki og

straumbreytir/invert fyrir tölvu. Áætlað er að hefja ferlun um leið og hálandið opnar í sumar og fram á haust eins og veður leyfir 2008. Hægt er að hafa samband við Jón Snæland annað hvort í síma 6997477 eða á netfangið rotta01@gmail.com þar sem að fram kemur hvaða tímabil menn geta gefið kost á sér í þetta verkefni og þá er möguleiki á að skipuleggja og raða bílum niður á ákveðna daga. **Einnig og einn mikilvægast þátturinn í verkefninu er það að þeir sem hafa sérþekkingu á einhverjum afmörkuðum svæðum t.d. í kringum heimahagana. Aðstoði við það að teikna slóða inn á landakort eða á mapsourc akstursforritið.** Og svo þarf klúbburinn tengiliðanet um land allt.

Hvernig nýtist öll þessi vinna svo almennum félagsmanni

Jú draumurinn er sá að fara út í það að smíða gps síðu fyrir klúbbinn. Þar sem ætlunin er að sé öflugasti gagnagrunnur landsins. Þessi vinna er að fara í gang og vonandi verður byrjað nú þegar í janúar. Í grunninum eiga síðan að vera sumar og vetrarleiðir, með leiðarlýsingum svipað og á vegasíðunni, www.vegir.klaki.net/vegir. Gps síðan á að vera þannig að annarsveggar eru gögn einstaklinga og síðan grunnur klúbbsins og þangað inn fer efni sem fer í gegnum skráargat klúbbsins og verkefnishópsins. Einnig er áhugi fyrir því að fleiri kæmu að þessu t.d. reiðleiðarferlar og mótorhjólafarlar.

Tölvuvinnslan út á hvað gengur hún

Það er að fara yfir alla ferla bæði þá sem að eru sendir inn og þeim sem er safnað. Búa til leiðarlýsingu um hvern og einn sem að notaður er. Síðan þarf að prófarka lesa allt saman og sannreyna til að reyna að koma í veg fyrir að villur slæðist inn. Félagsmenn geta nýst á

ymsan hátt við verkefni, sem kannski er of langt mál að lýsa hér í smáatriðum en við minnum á síma og netfang Jón Snæland, einnig verðu kynningarfundur fljótlega í Mörkinni

Afmæli ferðaklúbbsins

Án þess að fara út í of mikil smáatriði til að flækja ekki reikningsdæmið þá fæddist ferðaklúbburinn árið 1983. Það þýðir það að í ár er klúbburinn 25 ára. Af þessu tilefni er stefnt á að vera með stórferð sófariddara helgina 14.-16 mars. Menn tala um að gera eitthvað stórkostlegt, eins og að fara í hveragerði eða jafnvel alla leið á selfoss. En á þeirri leið mun þurfa að fara yfir stórfljót sem kallast ölfusá. Nú ef farið er í norður átt þá er talað um akranes eða jafnvel borgarnes. Það er aftur á móti mjög krefjandi leið og eins gott að það sé búið að ferla hana. En þá þarf að fara undir einn fjörð í gegnum göng, hvalfjarðargöng og yfir heilann fjörð. En þessi leið er kannski ekki fyrir hvern sem er. Alla vega mun þessi stórferð vera auglýst þegar nær dregur. Aðal málið er að taka þessa helgi frá og að hafa bílinn í toppformi.

Atburðardagatal í janúar

Afmælið er ekki það eina sem að um er að vera á árinu því að þangað til eru nokkrar æfingarferðir í janúar.

Móðurdeild

12. jan. Dagsferð áður auglýst

fellur niður, verður ekki

20. jan. Snjópotuferð, fjölskylduferð

25.-27. jan. Paraferð, umsj. skálanefnd

Eyjafjarðadeild

13. jan. Þrettándagleði

Suðurnesjadeild

18.- 20. jan. Þorrablótsferð í

Landmannahelli 35” og stærri

Skálanefnd

Skálanefnd kláraði salernið í sumar og einnig var losuð stífla í eldhúsvaskinum Sem var búinn að vera hrjá skálann lengi. Framundan er að skifta um ljósavél í janúar vegna þess að listerinn var orðinn of lítill og er úrbræddur.

Einnig stendur til að skifta um skrár og lykla vegna mikilar misnotkunar á lykllum. Næsta sumar þyrfti að steypa sökklá fyrir hinu húsinu til að viðhalda byggingaleyfinu. Annað sem er á döfinni er að tala við Kristján Sæmundsson til að kanna hvort hann getur athugað hvort jarðhita sé að finna nálægt Setrinu. Einnig er orðið tímabært að fara að hugsa að innviðum hússins en er það farið að láta svolítið á sjá vegna mikillar notkunnar.

Kveðja Skálanefnd

Söguhornið

Nýliðaferð í Hólaskóg 24.-25. okt. 2007

Laugardagsmorgun:

Ég lagði eldsnemma af stað í að sækja áhöfnina í fisksala bíl - Nizzan Titan V8 á 32“ skurðarskífum til að skunda af stað í okkar fyrstu nýliðaogguponsumájepaferð með 4x4. Áhöfnin var ekkert slor, það voru 2 vanar skvísur og einn góður félagi minn. Hálfur bíll af vönu fólki og hinn helmingurinn óvanur. Við mættum allt of snemma á hittings-staðinn „shell“ á höfða þar sem áhuginn og spenningurinn hvatti fólk blátt áfram. Náðum loksins að leggja af stað eftir að hafa „hnýtt“ síðustu fiskikörin eða farangurinn á pallinn og komið fólki í sínar stöður. Á leiðinni í Hólaskóg heyrðum við í talstöðinni að einn jeppi hefði farið út af og oltið. Þetta hljómaði illa í okkar óreyndu eyrum en eftir að hafa fylgst vel með reyndum röddum í talstöð kom meiri ró á mannskapinn. Þegar að staðnum var komið höfðu nokkrir reynsluboltar komið jeppanum í betri stöðu og voru að bagsa við að koma vara

„38“ dekki undir. Felgan var í henglum og beyglur hér og þar líkt og á bílstjóranum. Hann náði nú að hrista þetta af sér rétt eins og jeppinn með hörku og óku áfram með hópnum í Hólaskóg. Þetta hafði uggandi áhrif á mann um hvað koma skildi, ef menn með reynslu gætu lent í svona og það í hálfu þá var eins gott fyrir nýliða að hafa varann á. V8 5.6L vélin fékk að mala eins og köttur undir sæng, afar hljóðlega ☺. Þegar í Hólaskóg var komið var ekkert annað en að losa sig við farangur virða fyrir sér þennan myndarlega skála og gera sig klárann fyrir næsta ævintýri. Þá var lagt af stað í Dómdal og að Landmannahelli. Fengum æðislegt veður vægast sagt, sól í heiði, slatti af snjó, mikið útsýni og dýrðin í öllu sínu veldi. (djúpur andadráttur) Svona á þetta að vera hugsaði maður sér í hljóði. Lentum í engum vandræðum á þessari leið, en þegar komið var að Landmannahelli og að „spól-brekkunni“ góðu stöðvaði ég Titaninn og virti fyrir mér þessa myndarlegu og annars „challenging“ brekku, við þessa hugsun ruku nokkrir jeppar á ofsahraða sitthvoru megin við okkur og stefndu á brekkuna, „like a dream come true“ hugsaði ég með mér. Eigum við að láta vaða upp brekkuna, ætli við náum þessu á Titan? V8 vélin fékk að skríða undan sænginni og orga og garga eins og henni var einni lagið, var óákveðin í fyrstu tilraun en hafði þetta í seinni. Svo hafði Titaninn þetta aftur og aftur og aftur og aftur og..... já þetta var gaman. Mér leið eins og ég hefði verið að fá bílprófið í hendurnar í fyrsta sinn. Adrenalín og allur pakkinn gerði vart við sig, brjálæðis keppnis glotts svipur í andliti og tilbehör. Þetta var bara gaman. Ákveðinn farþegi fékk að reyna sig á Titan og þurfti að sýna eigandanum hvernig átti að gera þetta. Mér þótti mikið til koma og var heillaður af

bílnum og hæfileikum ökumannsins sem gerði þetta mun betur en eigandinn. Allt tekur sinn enda og þá lá leið upp á Fjallabak nyrðri og upp í Hrauneyjar til að loka hringnum enda minna fjör að fara sömu leið tilbaka. Þá kom að tilteknum ofurhugum í ferðinni sem áttu eftir að kosta 3-4 tíma töf á þessum annars ljómandi degi, varð það svo sem alveg áfram ☺. Ungir hressir, lítið klæddir með gaddabelti í strigaskóm og ekkert varadekk á Rocky „balboa“ Daihatsu jeppling affelguðu í hamagangi upp eina brekkuna. Þá var gert stopp, drógu þá vanir menn til hinar ýmsu græjur fram og réðust á þennan litla saklausa hjólbarða eins úlfar og þeir hafi beðið eftir honum í leyni. Þarna fékk maður enn eina kennslustundina í að tappa í dekk og sprengja eða þvinga dekk á felgu. Gekk hins vegar illa og voru menn ansi lengi að hamast við þetta. En það var eitt alveg á hreinu að þarna var aldrei vottur af uppgjöf, þetta dekk skildi fara á og ekkert múður. Það fór að sjálfsögðu þannig, hinir 3 ungu ofurhugar héldu förinni áfram með hópnum á sínum tröllajappa. Þetta var reynsla og gaman. 100 metrum framar tók við skurður sem þurfti að taka aðeins hart á en leyndi á sér. Toga þurfti ansi marga þar í gegn sem fararstjórar gerðu eins og að draga fisk á færibaldi. Titaninn og nýliðarnir fengu sinn fyrsta spotta túr! Skrítin tilfining ☺ hvort þetta hefði verið móðgun eða, sko ég hefði alveg getað bakkað og þrumað yfir þetta hraðar, með smá meiri lagni og...jeje jari jari. Bara gaman. Næst var komið inn í Hólaskóg seint eða um 22.00 ca. Þá tóku við all svakalegar eldhúsumræður og matargerð. Maturinn smakkaðist mun betur en hann hefði gert á veitingarhúsi. Það var bara eitthvað við andrúmsloftið þarna ☺ Takk fyrir mig og okkur. Við tóku smá ölfæingar, dósalyftingar og gítarglamur þó aðallega

söngur. Var þetta ljómandi skemmtun frá A-Ö.

Sunnudagurinn:

Menn eða mýs? Var spurningin. Meira ævintýri? sú næsta, Menn slappir? sú þriðja. Nei nei ekkert svoleiðis. Það er engin tími fyrir slíkt í svona ferð að vera slappur. Meira fjör var svarið úr okkar hópi. Má nú segja að nú hafi aldeilis tekið við ævintýri. Tók við mikið ævintýri upp á Skjaldbreiðaveg. Bílstjóri og Titaninn lærðu ýmislegt um brekkur með íshellu og púðri ofan á undir leiðsögn fararstjóra Benna og Agnesi. Engin spotti í það skipti. Svo tók við snjóbylur. Akandi um línuveg uppi á hálandi á 32“ skurðarskífum var farið að segja til sín, Titaninn fékk að hanga aftan í LC á 44“ í þó nokkur skipti. Bílstjóri farinn að hleypa úr hvað eftir annað, alltaf meira og meira þrátt fyrir litla geymslu af lofti ☺. Seigur var hann svo sem en kannski ekki við öðru að búast en að þiggja einn og einn spotta. Mér leið eins og togarsjómanni að gera upp spotta í skipti og endaði að fá annan bílstjóra og labbaði með bílnum á kafla vegna fjölda „kippa aðeins í hann“ Ég komst að því afhverju óskað er eftir að maður verði með vhf stöð í svona ferðalagi sem ég reddaði mér „hver er að keyra núna? Svo hlátur“ heyrðis í talstöðinni. Gaman að því. Ég ætla ekki að ræða þetta neitt frekar, en það er mikið blaðrað í þessar talstöðvar og ég sé ekki eftir því að hafa haft eina með. Ég skiptist á við annan bílstjóra, en þegar ég hafði ekið í 5 mínútur eftir að hafa fest mig þar áður þá affelgaði ég Titaninn hægra megin á framan. Mikið fjör, mikið gaman. Ég hins vegar hafði með mér varadekk svo þarna stóðu menn pligtina og skiptu um dekk á met tíma enda með fullt af fólki sem aðstoðaði eins og lítill her. Alltaf að læra og samheldinn hópur hugsaði ég með mér. Titaninn var nú ekki sá eini sem þurfti

spotta, þrátt fyrir að vera á minnstu kjánalegustu dekkjunum, það þurfti held ég að kippa í hvern einasta jeppa nema Benna og Agnesi, held að Trigger fararstjóri og „spotta“ félagi á LC 44“ hafi nú samt eitthvað verið að leika sér til að fá að vera meira með ☺. Þetta hafðist allt ágætlega og var mikið hafarí að fara þennan línuveg. Ég hef sjaldan skemmt mér eins í jeppaferð. Ég get sagt það með vissu í dag að ég er orðinn forfallinn, er að hagræða mínum málum svo ég geti nú bryddað upp á betri farkost næst, hvernær sem það verður, sem fyrst vona ég. Einnig má segja að vinur minn sem var líka nýliði með mér í bíl, verður líklega á undan mér í bílskúrinn að græja sig og mætir að öllum líkindum röskur til leiks strax í vetur á Hilux á vonandi 38“. Hann er gjörsamlega kolfallinn líka ☺ Ég og við viljum þakka kærlega fyrir vel skipulagða, skemmtilega, reynslumikla og hreint út sagt frábæra ferð með 4x4. Ég mun aldrei gleyma þessari ferð hvernig svo sem mál fara í framtíðinni. Takk kærlega fyrir.

Tryggvi Titan og félagar.

Langjökulsævintýri Seinagengisins léttirs og félaga.

Snemma á laugardagsmorguninn 29. desember 2007 lagði hópur úr Seinagenginnum ásamt öðrum félögum úr f4x4 af stað í ferðalag. Bæði fólk og bílar voru mjög vel útbúnir. Var 1 bíll á 44” og 6 á 38” dekkjum með vhf, cb, nmt, gps, gsm en ekkert spil að vísu. Átti hópurinn pantaða gistingu á Hveravöllum um nóttina. Var ætlunin sú að fara þangað yfir Langjökul og vera komin í skála áður en að veðrið sem von var á um nóttina myndi skella á. Lá leiðin um Sandklauftarvatn-Kaldadal-að Langjökulsvegur (stubbur yfir Geitlandsá að jökli)- og voru þeir á jaðri Langjökuls um eitt leytið. Þar var

breiðan af jeppum í hlíðunum jökulsins. Var svo keyrt eftir tracki í 1200m hæð, ekki upp á hábungu, og að þursaborgum. Ferðin sóttist mjög seint þangað sökum þess hversu þung færðin var. Sá 44” bíllinn um að ryðja mest alla leiðina. Var komið myrkur þegar þangað var komið en veðrið var mjög gott. Var það ljóst að verulega var gengið á eldsneytisbirgðir og að það myndi ekki duga frá Hveravöllum og í bæinn. Þar af leiðandi var tekin ákvörðun um að snúa við sömu leið til baka. Þegar snúið var við þá var keyrt inn í óveðrið en það var bara keyrt nákvæmlega eftir trackinu til baka niður af jöklinum. Einverra hluta vegna lentu 4 bílar 80m til hliðar við trackið og var það nóg til þess að þeir lentu í úrrennsli og klakahröngli í jökulröndinni. 3 bilanna sem voru aðeins á eftir náðu að stoppa í tíma. Var þá veður orðið mjög slæmt lélegt skyggni, mikil slydda og bleyta. Ekki þótti ráðlagt að fleiri bílar færu þarna niður en þó fór 44” bíllinn til að sækja mannskap úr einum bílnum og við það affelgar hann. Ekki tókst að koma dekkinu á felguna í þessu veðri en var það ítrekað reynt. Við það var mannskapurinn orðinn gegnblautur. Voru þá 5 bílar af 7 orðnir óvirkir og allur mannskapurinn kominn í þrjá bíla.

3 fullorðnir og 1 barn í einn bíllinn,

3 fullorðnir í annan bíl og

3 fullorðnir og 2 börn í þriðja bíllinn, 12 manns. Þarna er klukkan orðin 19-20 að kvöldi laugardagsins. Fór það svo að aðeins einn bíll af þeim var gangfær en var hann orðinn fastur.

Hvað á þá að gera? Hvaða ákvörðun á að taka í þessari stöðu? Hringt var í Veðurstofu Íslands og gaf hún upp góða lýsing á veðrinu á staðnum og taldi veðurfræðingurinn að veðrið mundi ganga niður að kvöldi sunnudags sem sagt sólahringi seinna. Þá eru góð ráð dýr. Það var enginn í hættu, börnin í góðu lagi og sváfu best um nóttina. Það

var nóg af aukafötum með og einnig var verið með gas hellur og hitara en þar sem ekki var hægt að opna glugga þá þótti ekki þorandi að nota það vegna hættu á súrefnsisskortri.

Málin voru rædd í langan tíma í talstöðvum. Um hálf þrjú leytið fær Ómar heimild hjá félögunum að hringja eftir aðstoð við að koma mannskapnum af jöklinum og skilja bílana eftir. Það má geta þess að aðstandendur heima fyrir áttu ekki von á mannskapnum í bæinn fyrir en seint á sunnudagskvöldið þannig að ekki voru áhyggjurnar þar. Hringt var í 1-1-2 um þrjú leytið. Sem að gaf samband við lögregluna í Reykjavík sem að kom útkallinu til lögreglunnar í Borgarnesi. Þessi leið er var farin þar sem að mannskapurinn var ekki í neinni hættu. Lögreglan í Borgarnesi hringir um fimm leytið um morgunin og segir að björgunarsveitin Ok á bílum er stödd við Lambá og björgunarsveitin Heiðar er á leiðinni með snjótroðara/snjóbíl við Húsafell.

Á sunnundeginum um kl. 16:30 er mannskapurinn kominn í Reykholt. Var þá björgunarsveitin búin að berjast í 11 tíma við að sækja hópinn og koma honum til byggða. Hluti af mannskapnum s.s. börn og fullorðnir fara áfram í bæinn en hinir urðu eftir í Reykholti vegna þess að átta um morguninn var beðið um aðstoð til að hjálpa til við að ná bílunum upp og niður af jöklinum. Þar sem von var á annarri krappri lögð og var þetta eini möguleikinn að ná í bílana fyrir hana. Kom sú aðstoð 7 bílar í Reykholt klukkan 17:30.

Komu 38”, 44” og 46” bílar, með spil og 44” varadekk í stað þess sem að affelgaðist. Og var það geysilega öflug hjálp og mikill fengur í þeim. Það tók 6-7 tíma að losa bílana og gera þá klára til brottfarar en þeir voru fenntir í kaf.

Þurfti að moka þá alla upp frá toppi og niður en þeir voru svo líka frofnir fastir. Síðustu bílarnir úr þessari björgun komu heim um kl. 06 á mánudagsmorguninn. Einn af bílunum var skilinn eftir á jöklinum þar sem að skástífa bognaði þegar verið var að losa hann og varð hann við það óökufær. Var hann svo sóttur á miðvikudeginum og þar með lauk þessari ferð. En samkvæmt lífspeki Ómars Wieth formanns Seinagengisins léttis þá er ferðinni ekki lokið fyrr en að síðasti maður og bíll er kominn heim. Vill hópurnir koma á framfæri innilegu þakklæti til allra þeirra sem að veittu aðstoð. Fyrir hönd hópsins, Ómar Wieth R-175.

Skömm og skandalar

Óháð fréttaritið komst á snoðir um hrikalegan skandal. Það hefur komið í ljós að Kári Norðanvindur á hlutabréf í Toyota og græðir grimmt á varahlutakaupum félagsmanna. Af þessu má sjá að það er alveg ljóst að þarna er gríðarlegur hagsmunarárekstur í gangi og við látum þetta ekki líðast. Ef Kári vill að við drögum ummælin til baka þá er það bara sver afsláttur af varahlutum FOR LIFE.

Óháða fréttaritinu hefur borist til eyrna að það sé mikill kurr meðal neytenda opna hússins yfir opnunartíma þess frá 20:30-22:00 á fimmtudagskvöldi. Að loksins þegar húsið er opnað, tilbreyting frá lokuðu húsi, þá er það bara opið í 1,5–2 tíma. Menn eru rétt búnir að liðka raddböndin að þá er kominn hættutími klukkan orðin tíu og allir eiga að fara... út á tröppur. Þangað til í næstu viku... ef það skildi opna þá.

Fleygar setningar

“Ef það er skoðun allra félagsmanna að leyfa flugbjörgunarsveitum,

Hjálparsveitum og skátum að einoka markaðin?” Gæðaflugeldar.

Heyrst hefur

að sagan segir að Slóðríkur sé dauður

að Alli Jökklarannsóknamaður hafi keyrt á BJARG og brotið liðhús undir LC80

að búið sé að leggja Hlyn Snæland niður.

að stjórnin sé að fara að opna auglýsingastofu

að aðalstarf hjálparsveitar 4x4 sé að hjálpa meðlimum hjálparsveitarinnar og þá aðallega formanninum

að Klúbburinn hafi tapað 1.500.000 kr samningi. vegna umræðu um Tetra á f4x4.is.

að í hópi hjálparsveitar sé standard að allavega 2 bílar séu bilaðir

að sýsli á Selfossi hafi yfirheyrð Ægir vegna Slóðríks sem að stóð í innkeyrslunni hjá honum.

að slóðasleikir vill ekkert kannast við það að hafa skilið bílinn þar eftir bilaðan eftir að hafa verið dregið þangað af **Patrol**

að aðalbíll hjálparsveitar er... fiat uno

að fyrir þjóðskrá liggi nokkrar beiðnir um nafnabreytingu frá Snæland í Vælland.

að Klúbburinn hafi tapað 250.000 á sendingarkostnaði Setursbókarinnar vegna seinagangs ritnefndar.

að það sé að losna starf á alþingi mjög fljótlega.

að Róbert Marshall aðstoðarmaður samgönguráðherra taki enga áhættu og hafi fjárfest í 38" breyttum patrol og þar með hafi reglugerðin um kastargrindurnar verið felld niður.

að Ameríski Draumurinn sé aftur framloppubrotinn sé 75% öryrki og kominn með afsláttarkort.... frá tryggingarstofnun

að það sé ekki til neitt sýklalyf við lélegu bílakarma Barböru.

að Toyota hafi verið með Formannsfrúarbílinn í spotta heila helgi.

að eik hafi fengið tölvupóst frá ýmsum aðilum innan klúbbsins þar sem hann var beðin um að ræða ekki þeirra einkamál á netinu, s.s. tetra eða rafstöðvarmál.

að Hjálparsveit hafi áhyggjur af framtíð sveitarinnar þar sem sterkar raddir komi upp annaðslagið sem vilja leggja sveitina niður. Hjálparsveit hafi því brugðið á það ráð að stofna undirsveit sem er mönnuð börnum, sem eru jú framtíðin, þessi sveit ber nafnið **HJÁLPARSVEITARMAÐUR Í ÞJÁLFUN**.... sæll eigum við að ræða það eitthvað hélt ekki

Ljósmyndakeppni Ferðaklúbbsins 4x4
Ferðaklúbburinn 4x4 (F4x4) heldur ljósmyndakeppni meðal félagsmanna sinna. Dómnefnd verður skipuð fimm óháðum aðilum. Skilafrestur mynda er til 15. Febrúar 2008. Úrslit verða tilkynnt á félagsfundi í mars 2008 og verða verðlaun í boði fyrir þrjár bestu myndirnar.

Reglur

- Myndin skal tengjast starfi klúbbsins, fjórhjóladrifsbifreiðum eða ferðamennsku, þ.m.t. landslagsmyndir, myndir af bílum í ferðalögum, fólki í ferðalögum, atburðum á vegum klúbbsins eða öðrum ferðum o.s.frv
- Myndin skal vera tekin á tímabilinu frá 1.1.2007 til 15.02.2008
- Hver félagsmaður má skila 3 myndum inn í keppnina
- Myndum skal skilað á JPG formi
- Upplausn mynda skal vera amk 250 punktar á styttri hliðina
- F4x4 áskilur sér rétt til að nota innsendar myndir, þar með taldar verðlaunamyndir í kynningarskyni fyrir klúbbinn
- Hver mynd skal aðeins tekin á einum opnunartíma (exposure), að undanskyldum s.k. HDR myndum
- Heimilt er að lagfæra minniháttar galla í myndum en ekki er heimilt að breyta, eyða, afrita eða búa til þýðingarmikla hluta myndarinnar
- Dómnefnd er heimilt að dæma myndir úr keppni sem brjóta gegn þessum reglum

Þátttaka

Þátttökurétt hafa allir gildir félagsmenn F4x4. <http://4x4.trigger.is/ljosmynd/>

Þakkir

Óháða fréttaritid Setrið Zero vill þakka öllum þeim sem að aðstoðuðu og lögðu til efni í þessa netútgáfu. Og hvetur félagsmenn til að senda fréttir, sögur og upplýsingar um tækni og viðundur á netfangið ohadafrettaritid@gmail.com